


## Kannabisefni sem lagt var hald á árunum 2007 til 2011.


Á mynd 1 má sjá samanburð á magni kannabisefna sem lagt var hald á árunum 2007 til 2011. Þar má meðal annars sjá að lagt er hald á meira magn af kannabisefnum árið 2011 borið saman við árið á undan. Tölur fyrir árið 2011 eru bráðabirgðatölur. Á myndinni má sjá þó nokkrar sveiflur á magni haldlagðra kannabisefna en mest var haldlagt árið 2008. Undir kannabisefni falla hass, fræ, maríhúana, tóbaksblandað hass, kannabislauf og kannabisstönglar.



Mynd 1. Kannabisefni sem lagt var hald á 2007 til 2011.

## Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2010, 2011 og 2012. Skráð hegningarlagabrot í janúar 2012 voru 1.048. Samanburður á fjölda brota í janúar 2012 við sama tímabil árið 2011 sýnir að þeim hefur fjölgað um tæp 12%. Tölur um fjölda hegningarlagabrota árið 2012 og 2011 eru bráðabirgðatölur.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2010, 2011 og 2012, greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar 2010, 2011 og 2012.

	Jan. '10	Jan. '11	Jan. '12
Hraðakstursbrot	3.076	1.422	1.799
Þjófnaðarbrot	352	266	296
Eignaspjöll	261	206	235
Innbrot	267	147	173
Ölvun við akstur	107	82	116
Fíkniefnabrot	117	101	214
Líkamsárás (217.-218. gr.)	107	84	117